

Ár 2018, þriðjudaginn 22. maí, kom kjörnefnd, skipuð af sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, með vísan til 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna, saman til fundar að Laugavegi 3, Reykjavík, en nefndin var skipuð með skipunarbréfi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 9. maí 2018 til þess að úrskurða um kæru Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, dags. 8. maí 2018, vegna ákvörðunar yfirkjörstjórnar Reykjavíkur um úthlutun listabókstafs þann 6. maí 2018.

Nefndina skipa þau Hulda Rós Rúriksdóttir, Kristján B. Thorlacius og Ásta Guðrún Beck lögmenn.

Var í málinu kveðinn upp svofelldur úrskurður:

Mál þetta er tilkomið vegna kæru Dóru Bjartar Guðjónsdóttur oddvita framboðslista Pírata í Reykjavík til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu sem var móttækin af sýslumanni 8. maí 2018 og af kjörnefnd þann 9. maí 2018.

Með skipunarbréfi sýslumanns þann 9. maí voru þau Hulda Rós Rúriksdóttir, Kristján B. Thorlacius og Ásta Guðrún Beck lögmenn, skipuð í nefnd með vísan til 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna til að úrskurða um kæruefni. Var Ástu Guðrúnu falið að kalla nefndina saman.

Á fyrsta fundi nefndarinnar þann 11. maí 2018 var ákveðið að kalla eftir umsögn yfirkjörstjórnar í Reykjavík eins og lagt er fyrir nefndina að gera í 2. mgr. 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Var það gert með tölvubréfi þann sama dag. Yfirkjörstjórn veitti ekki umsögn um kæruefnið innan þess vikufrests sem ofangreint lagaákvæði kveður á um en samkvæmt bréfi yfirkjörstjórnar dags. 16. maí 2018 til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu tilkynnti hún að hún myndi ekki veita slíka umsögn þar sem ekki væru heimildir að lögum til þess að taka kærana til efnismeðferðar.

Kæruefnið í máli þessu varðar ákvörðun yfirkjörstjórnar um úthlutun listabókstafsins þ til framboðslista Frelsisflokksins sem býður fram lista við borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík. Ákvörðun um úthlutun listabókstafs tók yfirkjörstjórn þann 6. maí sl. en sveitarstjórnarkosningar munu fara fram þann 26. maí nk.

Fjallað er um kosningakæru í XIV. kafla laga nr. 5/1998 um sveitarstjórnarkosningar. Í 1. mgr. 93. gr. er almenn heimild til þess að kæra sveitarstjórnarkosningu og skal afhenda hlutaðeigandi sýslumanni kærana innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga. Orðrétt er ákvæði 1. mgr. 93. gr. svohljóðandi:

„Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga.“

Í 94. gr. er svo kveðið á um að gallar á framboði eða kosningu skuli ekki leiða til ógildingar kosninga nema ætla megi að gallinn hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

Ekki er í lögum nr. 5/1998 að finna sérstaka heimild til að kæra ákvörðun yfirkjörstjórnar um úthlutun listabókstafa samkvæmt 31. gr. laganna.

H.P.P.
K.B.T.
A.B.B.

Í lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 er fjallað um kosningakæru í XXI. kafla. Í 118. gr. þeirra laga kemur fram að senda skuli kæru innan fjögurra vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst en þó áður en næsta Alþingi kemur saman og úrskurðar nýtt Alþingi um kærana í þingbyrjun.

Í 2. mgr. 14. gr. laga um um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945 er fjallað um kærur vegna forsetakjörs. Þar kemur fram að kærur skuli sendar Hæstarétti eigi síðar en fimm dögum fyrir þann fund þar sem Hæstiréttur úrskurðar um gildi forsetakjörs skv. 11. gr. sömu laga.

Hæstiréttur hefur fjallað um ofangreindar kæruheimildir í aðdraganda forsetakjörs árið 2016. Þá bárust Hæstarétti kærur sem vörðuðu annmarka á undirbúningi kjörs eða framkvæmd í aðdraganda kosninganna. Í þremur ákvörðunum Hæstaréttar sem teknar voru þann 15. og 22. júní 2016 var slíkum kærum vísað frá Hæstarétti. Rakti Hæstiréttur hlutverk sitt við forsetakosningarnar þ.á m. það hlutverk að taka við kærum um ólögmæti forsetakjörs. Segir Hæstiréttur:

„Í þeim ákvæðum laga nr. 36/1945, sem að framan eru rakin, er hvergi að finna heimild til að kæra til Hæstaréttar tilteknar ákvarðanir eða gerðir ráðherra, kjörstjórna eða annarra stjórnvalda um undirbúning eða framkvæmd forsetakjörs. Almenna heimildin, sem felst í 2. mgr. 14. gr. laganna til að beina til réttarins kærum um ólögmæti forsetakjörs, leiðir á hinn bóginn til þess að leita megi eftir ógildingu forsetakjörs í heild, þar á meðal vegna afmarkaðra annmarka á undirbúningi þess eða framkvæmd, en Hæstiréttur getur ekki á þeim grunni ógilt tilteknar ákvarðanir um slík efni eða breytt þeim. Kjör forseta Íslands á að fara fram 25. júní 2016. Eðli máls samkvæmt getur Hæstiréttur ekki fjallað um gildi forsetakjörs sem ekki hefur verið lokið. Stendur því engin heimild í lögum nr. 36/1945 til að beina erindi kærands til Hæstaréttar og er því af þessum sökum vísað frá réttinum.“

Með samanburði þessara þriggja lagaákvæða verður ekki séð að ákvæði það er fjallar um kæru á sveitarstjórnarkosningu gefi tilefni til þess að ætla að hin almenna kæruheimild við sveitarstjórnarkosningar sé á neinn hátt viðtækari en kæruheimildir við Alþingiskosningar eða kjör forseta Íslands.

Af ákvörðun Hæstaréttar megi því draga þá ályktun að kæruheimild við sveitarstjórnarkosningar sem fram kemur í 93. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998 sé bundin við kæru á kosningu eftir að hún hefur farið fram.

Ekki verður heldur séð að í lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 sé að finna sérstaka heimild til að kæra til kjörnefndar ákvörðun þá er kæran lýtur að.

Það er því niðurstaða kjörnefndar að vísa beri máli þessu frá.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kæru Dóru Bjartar Guðjónsdóttur oddvita Pírata í Reykjavík til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu sem var móttækin af sýslumanni 8. maí 2018, er vísað frá kjörnefnd.

*H. P. T.
K. T. T.
H. O. B.*


Ásta G. Beck


Hulda Rós Rúriksdóttir


Kristján B. Thorlacius